

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Selfossi, 20. júní 2025
Tilvísun: 2506288

Opinbert dýravelferðar-og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Arnarlax ehf.	Kennitala: 580310-0600
Heimilisfang: Strandgötu 1, 465 Bíldudalur (Haganes)	Leyfisnr: FE -1105
Svæðistjóri: Ólafur Ragnar Sigurðsson	Dags.: 05.júní 2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Já (BKD)	Óboðað eftirlit : Já
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. Vottorða: Nei	Tegund eftirlit: Reglubundið

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Karl Steinar Óskarsson, deildastjóri fiskeldideildar, Magnús Ingi Jónsson, Nancy Rut Helgadóttir, sérfræðingar og Wija Ariyani sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma fóru í eftirlit í Arnarlax í Arnarfirði þann 05.júní 2025. Siglt var út á eldissvæðið Haganes. Viðstaddur eftirlit var Ólafur Ragnar Sigurðsson svæðistjóri í Haganesi.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

I. UMHVERFI, HREINLÆTI OG SMITVARNIR:

- Búningsaðstaða - **Án aths**
- Bátar - þeir sem tilheyra eldissvæðum: **Án aths**
- Áhöld í bátum - **Án aths**
- Aukaafurðir dýra - **án aths**
- Innra eftirlit og varsla gagna - **án aths**

II. DÝRAVELFERÐ, SJÚKDÓMAEFTIRLIT OG SÝNATÖKUR:

- Át fiska - **án aths**
- Þéttleiki - **án aths**
- Helstu sjúkdómavandamál/lyfjagjafir

Heilbrigðisstaða í Haganesi er ekki góð. Aukning hefur verið á dánartíðni undanfarnar vikur og samkvæmt dýralæknaskýrslum má rekja 75% af heildardánartíðni vegna langvarandi BKD (nýnaveiki)-sýkingar. Til viðbótar við BKD glíma fiskarnir í Haganesi einnig við aðrar sýkingar m.a.: Parvicapsula, hjarta- og vöðvabólgu (HSMI-Heart and Skeletal Muscle Inflammation) og PRV (Piscine orthoreovirus). Langvinnar sýkingar af þessu tagi, samhliða hækkandi sjávarhita getur haft áhrif á líðan og velferð fiska.

Í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur, eins og lög nr. 55/2013 um velferð dýra leggja áherslu á, skal tryggt að fiskar séu lausir við vanlíðan, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, og að umhverfi þeirra og meðferð styðji við góða velferð og heilbrigði. Einnig er áréttað í 44. Gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi að: Gripið skal til þeirra ráðstafana sem ástæða þykir til svo að koma megi í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma.

Í ljósi núverandi aðstæðna hefur fyrirtækið ákveðið að slátra öllum fiskum sem eru eftir í Haganesi.

➤ **Flutningur - *án aths***

➤ **Umhirða – *Alvarlegt Frávik***

Sveimarar og dauðir fiskar voru ekki fjarlægðir eins ört og hægt var skv. skráningum frá eldissvæði í Haganesi í maí 2025, vegna umfangsmikillar lúsameðferðar og slátrunar sem áttu sér stað á tímabilinu.

Í 44.gr. reglugerðar nr. 540/2020 um Fiskeldi segir: Sýktur fiskur skal fjarlægður og honum eytt svo fljótt sem verða má samkvæmt nánari ákvörðun dýralæknis fiskisjúkdóma hjá Matvælastofnun.

Um er að ræða endurtekið frávik sem áður var bent á í eftirlitsskýrslu sem send var 2.desember 2024.

Mikilvægt er að rekstraraðili virkji áætlun og verklag um það hvernig bregðast skuli við söfnun dauðfisks og sveimara þegar álag er mikið á starfsfólk svo tryggt sé að frávik í meðhöndlun dragi ekki úr heilsu fiska eða auki áhættu á smiti.

Matvælastofnum óskar eftir að úrbótaáætlun verði send til stofnunarinnar eigi síðar en **7. Júlí 2025**

➤ **Varsla efna/lyfja- *án aths***

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar**. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,

f.h. Matvælastofnunar



Ni Nyoman Wija Ariyani Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma